

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 03.10.2024

Verkefnaráð	1
Þjónusta 0-6 ára.....	2
Þjónustugátt TR	4
Teams Phone.....	6
Önnur mál	7
Nýtt fyrirkomulag verkefnaráðsfunda	7
Markmið kynninga vörustjóra	8
Vörustjórar – forgangsröðun verkefna	8
Ósk um útnefningu aðila frá ÞON í stýrihóp.....	8
Domain verkefni	8
API fyrir fundargerðir Reykjavíkurborgar	9
Fundur með Akureyrarbæ.....	9
Breyting á meðlimum verkefnaráðs	9

Verkefnaráðsfundur 03.10.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024
Dagsetning 03.10.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Bryndís Eir Kristinsdóttir, Halla María Ólafsdóttir, Magnús Bergur Magnússon, Jóhann Jökull Ásmundsson, Sunna Guðrún Sigurðardóttir	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Fimmtudagur 3. október 2024, kl. 09:00 – 10:30 – 5.hæð vestur, Laufbrekka, Borgartún 12-14

09:00 -09:05 Samstilling

09:05–09:20 Þjónusta 0-6 ára: Bryndís Eir og Halla María

09:20–09:25 Umræður

09:25–09:40 Þjónustugátt TR: Magnús Bergur.

09:40–09:45 Umræður

09:45-10:00 Teams Phone:Jóhann Jökull

10:00-10:05 Umræður

10:05-10:15 Skor í fylki

10:15-10:30 Önnur mál

11:30 Fundi slitið

Þjónusta 0-6 ára

Þjónusta SFS 0-6 ára miðar að því að gera umsóknir og eyðublöð sem varða dagforeldra og forsjáraðila barna sem nýta þjónustuna aðgengilegri á stafrænu formi. Enn þann dag í dag eru umsóknir, beiðnir og samningar sem tengjast dagforeldra starfsstéttinni á pappír. Þetta veldur óáreiðanleika gagna Reykjavíkurborgar og skilar sér í lengri boðleiðum.

Búið er að gera:

- Áskorunarrammi
- Fyrsta forgreining á umsóknarferli
- Kostnaðaráætlun
- Tímaáætlun
- Ábatamat
- Jafnréttisskimun

Með verkefninu á m.a að:

Verkefninu er ætlað að bæta þjónustu við dagforeldra og forsjáraðila barna sem nýta þjónustu dagforeldra. Með því að gera umsóknir aðgengilegar á stafrænu formi sparast tími en verkefnið er liður í því að styrkja starfstétt dagforeldra með því að gera þeim kleift að sækja um sem dagforeldri á aðgengilegan og einfaldan máta.

Verkefnið snýr einnig að því að bæta þjónustu við forsjáraðila með því að gera ferlið þegar óskað er eftir niðurgreiðslu rafrænt.

Væntur ávinningur/áhati:

- Einfaldara og aðgengilegra ferli við að öðlast starfsréttindi sem dagforeldri.
- Styrður við sáttmála meirihlutans um styrkingu dagforeldrakerfisins.

Tímarammi: 5 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 12,2 m.kr.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Óskað er eftir því að fá að hefja vinnu við að koma eftirfarandi eyðublöðum á stafrænt form:
 - Umsókn um stofnstyrk vegna daggæslu barna í heimahúsi.
 - Þjónustusamningur dagforeldra við Reykjavíkurborg.
 - Beiðni forsjáraðila um niðurgreiðslur til dagforeldris vegna barns sem hættir fyrr.
 - Umsókn um greiðslu fyrir neyðarhnapp dagforeldris.
 - Umsókn um starfssemi daggæslu í öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði.
- Óskum eftir verkefnastjóra/þjónustuhönnuði í 50% stöðu í 8 vikur.
- Óskum eftir að komast að hjá Mínum síðum.
- Óskum eftir fjármagni: 12,2 m.kr.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 05.09.2024: 3 3 1 3 5 2 - 2,4

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Frábært verkefni og gott að nýta tímann hjá starfsfólki SFS á meðan önnur stærri verkefni sviðsins eru í mótun. Vinna betur ábatann áður en farið er fyrir stafrænt ráð.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga, vörustjóra Mínar síður og vörustjóra skólalausna verkefni um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og deildarstjóra umbreytinga um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Þjónustugátt TR

Ný samþykkt lög kveða á um að sveitarfélög skuli tengjast Þjónustugátt TR ásamt Heilsugæslunni, Vinnumálastofnun, Virk og svo TR.

Búið er að gera:

- Áskorunarramma
- Samtöl við Þórdísi Sveinsdóttur sviðsstjóra þróunarviðs og Björgvin Sigurðsson verkefnisstjóra hjá Sambandinu um möguleika á samvinnu í þessu máli.
- Samtöl við Félagsmálaráðuneyti um fjármögnun.
- Stafrænn leiðtogi VEL er í vinnuhópi um þróun þjónustugáttar TR.

Með verkefninu á m.a að:

Tengja þjónustugáttina við Veitu og auðvelda þannig til muna fjárhagsaðstoðarumsóknir.

Væntur ávinningur/ábati:

Lausnin felst í að þróa nýja Veitu út frá þeim tveimur Veitum sem til eru, annars vegar hjá Reykjavíkurborg og hins vegar hjá Sambandi sveitarfélaga, annað hvort velja þá sem er þróaðri eða byrja á nýrri með inngjöf frá hvorri fyrir sig.

Sú lausn yrði síðan samrekin í fjölleigjendafyrirkomulagi fyrir öll sveitarfélög með möguleikum á að þróa meiri virkni þar inn og nýta virkni sem þegar er inni eins og akstursþjónustu umsóknir.

Ábatinn væri lækkun þróunar- og rekstrarkostnaðar og meiri samhæfing en ekki síst brautryðjendastarf í samvinnu sveitarfélaga í stafrænum málum sem gæti skilað margföldum ábata fyrir alla aðila þegar fram í sækir.

Óskað er eftir frá verkefnaráði:

Verkefnaráð er beðið um að beina verkefninu í réttan farveg og sé leið a) valin að undirleiðum sé forgangsraðað með rökstuðningi

- a) Lausn þróuð og rekin með öðrum sveitarfélögum:
 1. Lausn þróuð og rekin hjá Reykjavíkurborg
 2. Lausn þróuð og rekin hjá verktaka
 3. Lausn þróuð hjá verktaka og rekin af Reykjavíkurborg
 4. Lausn þróuð hjá verktaka og rekin af Sambandinu
- b) Engin samvinna með öðrum sveitafélögum

Tegund verkefnis: Fjárfestingaverkefni

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt. Næsta skref er að móta tillögu um samstarf sem fer til samþykktar hjá Sambandinu og Stafræna ráðinu, það er um hver þróar og hver rekur hina nýju veitu.

Skoðun verkefnaráðs er að farsællegast sé að fara leið a) 1 eða 3, það er að lausn sé þróuð og rekin hjá Reykjavíkurborg og/eða að lausn sé þróuð hjá verktaka og rekin af Reykjavíkurborg.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt
2	Halda þarf vinnufund og setja fram tillögu um samstarf

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga VEL um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir teymisstjóra stafrænna leiðtoga um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x
3	Sviðstjóri ÞON tekur samtalið við samband íslenskra sveitarfélaga	ÓS	x
4	Sviðsstjóri ÞON fær verkefnastjóra stjórnslumála til að gera drög að tillögu	ÓS	
5	Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur tekur samtalið með verkefnastjóra hjá Sambandinu.	ÞS	
6	Stafrænn leiðtogi VEL bókar vinnufund	MBB	

Aftur í efnisyfirlit

Teams Phone

Útleiða öll 72 símkerfi Reykjavíkur og innleiða Teams Phone símkerfi sem er skýjalausn.

Í grunninn eru innleidd Teams Phone tölvusímar fyrir flest starfsfólk og borðsímar eða skype tölvusímar útleiddir samhliða.

Enn þarf að notast við borðsíma á völdum stöðum svo sem skólaumhverfi t.d. skólastofum og á Velferðarsviði þar sem umönnun er fyrir hendi

Verkefnið fór í endurskilgreiningu eftir verkefnaráðsfund þann 19.6 síðastliðinn. Þar var óskað eftir að fá söguna, stærstu vörður og hvað hefur breyst.

Búið er að gera:

- Greining ráðgjafafyrirtækis Salamon&Company
- Útboð á símtækjum
- Útboð á innleiðingu - Opin kerfi
- Innleiða símkerfi á sirka helming allra notenda á fjórum sviðum. VEL er lokið sem er bæði stórt og flókið svið.
- Endurskoða kaup á símtækjum

Með verkefninu á m.a að:

Útleiða öll 72 símkerfi Reykjavíkur og innleiða Teams Phone símkerfi sem er skýjalausn.

Væntur ávinningur/ábati:

- Teams Phone leyfi fellur undir leyfisgjöld Microsoft 365 og hefur því bein samlegðarárif.
- Einfaldari rekstur á 72 ólíkra símkerfa sem voru í rekstri. Teams Phone er tölvusími og skýjalausn sem liggur ekki á vélbúnaði og er ekki bundið t.d. kopartengingum.
- Útboð - hægt er að bjóða út rekstur á skýjalausn með einföldum hætti.
- Þægilegt starfsumhverfi í gegnum Teams þar sem vinnuumhverfi er á einum stað.
- Einfaldari samskipti þar sem þægilegt er að breyta símtölum yfir í Teams fundi.
- Samskipti bæði í gegnum síma og tölvur.

Tímarammi: 24 mánuðir

Áætlaður kostnaður: 39 m.kr.

Óskað er eftir:

- Óskað er eftir samþykki verkefnaráðs á nýju verkefni sem hefst október 2024
- *Kostnaður við innleiðingarþjónustu:*

- Uppsetning – OK og verktaki
- Verkefnastjóri og stoðteymi
- Skiptiborð og símtæki
- **Samtals kostnaður sem sótt er um:**
 - Innleiðing 8.598.050
 - Verkefnastýring 17.250.000
 - Skiptiborð og símtæki 4.995.000
 - Stoðteymi 8.250.000
- **Heildarkostnaður 39.093.080 kr**

Næstu skref:

- Innleiða Teams Phone í grunn- og leikskóla, söfn borgarinnar og sundlaugar.

Tegund verkefnis: Fjárfestingarverkefni**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 05.09.2024: 3 4 1 4 5 2 - 2,73

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt að hluta, símtækin verða ekki greidd af fjárfestingu. Símtækin þarf að kaupa í gegnum miðlægt pöntunarkerfi og greiðir hver kostnaðarstaður fyrir þau tæki sem viðkomandi telur nauðsynleg fyrir starfsemi sína. Mælt er til þess að það verði gert þegar innleiðing er gerð.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt að hluta, símtæki verða ekki greidd af fjárfestingu

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra verkefnis um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

Önnur mál**Nýtt fyrirkomulag verkefnaráðsfunda**

Verkefnaskráarstjóri fór yfir fyrirkomulagið. Annar hver fundur verður í formi kynninga frá vörustjórum, verkefnastjórum eða eins og við á í hvert skipti. Annar hver verður í formi erinda eins og áður.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Samþykkt að hafa fyrirkomulag funda á þennan hátt.

Markmið kynninga vörustjóra

Þar sem breytt fyrirkomulag er á verkefnaráðsfundum og óskað eftir að vörustjórar komi inn og kynni sína vöru þarf markmið kynninga að vera skýrt og uppsetning kynninga.

Markmið kynninga:

Yfirsýn yfir framgang verkefna

1. Hver er staðan?
 - Hvað er í gangi núna og hvað er framundan.
 - Hvað er á fjárfestingu og hvað er á rekstri.
2. Stærstu sigrarnir?
3. Hverjar eru stærstu hindranirnar og hvernig getur verkefnaráð aðstoðað?

Vörustjórar – forgangsröðun verkefna

Vörustjóri ræddi við verkefnaskráarstjóra varðandi það að óljóst væri hvernig forgangsraða eigi verkefnum inná biðlista hjá vörustjóra þegar um er að ræða verkefni frá sviðum þar sem sviðið er greiðandi af verkefni en ekki fjárfesting.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Öll verkefni sem teljast viðbætur við vöru skulu fara eftir ferli verkefnaráðs, það er að stafrænn leiðtogi vinnur í áskorunarramma í samvinnu við sitt svið og kemur með verkefnið fyrir verkefnaráð. Verkefnaráð tekur þá ákvörðun um hvort að verkefnið fái brautargengi og fari á biðslista hjá Vörustjóra. Forgangsröðun biðlistans fer eftir skori verkefnis úr Fylkinu.

Ósk um útnefningu aðila frá ÞON í stýrihóp.

Minnsblað frá Bergdísi Björk verkefnastjóra á ÞON var tekið fyrir á fundinum. Óskað var eftir aðila frá ÞON í stýrihóp verkefnisins Þarfagreining fjárhagskerfis.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Hér er mikilvægt að hafa tæknilegan aðila í stýrihóp til þess að passa rökréttar tæknilegar ákvarðanir. Tómas Guðmundsson tæknistjóri skýjalausna verður í stýrihóp verkefnisins.

Domain verkefni

Skrifstofustjóri UTR bar upp spurningar um Domain verkefni sem er í vinnslu hjá UTR. Því var velt upp hvort að verkefnaráð hefði verið meðvitað um að útfösun á skólaumhverfinu væri ekki innan umfangs verkefnisins, einunigs hafi átt að sameina starfsfólk undir sama domain-i.

Ákvörðun verkefnaráðs:

Verkefnaráð telur mikilvægt að útfösun á fyrra umhverfi (rvkskolar) sé innan umfangs verkefnis. Almennar áherslur stafrænnar vegferðar eru að útfasa gömlum verkefnum og verkefnið var skorað í Fylkinu út frá þeim forsendum.

API fyrir fundargerðir Reykjavíkurborgar

Tekið var fyrir minnisblað frá Stafrænu ráði Reykjavíkurborgar þar sem lagt er til að opna vefþjónustu (API aðgang) fyrir fundargerðir Reykjavíkurborgar, sem gerir tölvukerfum og notendum kleift að nálgast fundargerðir með sjálfvirkum hætti. Tilgangur þessa er að auka aðgengi að opinberum gögnum, stuðla að auknu gagnsæi í stjórnslu og auðvelda notendum að vinna með og nýta gögnin í eigin verkefnum.

Niðurstaða verkefnaráðs:

Samþykkt, verkefni fer til vefdeildar Stafrænnar Reykjavíkur.

Fundur með Akureyrarbæ

Í seinustu viku hittu Harpa verkefnaskráarstjóri og Þröstur skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur tvo starfsmenn Akureyrarbæjar, þau Jón Kristinn forstöðumann þjónustu og þróunar og Maríu Neves verkefnastjóra á fundi þar sem þau deildu reynslu sinni af forgangsriðun verkefna, verkefnaráði og vinnu stafrænna leiðtoga.

Fundurinn var mjög áhugaverður og liður í því að efla samstarf sveitafélaga og deila reynslu okkar í stafrænum verkefnum. Eftir fundinn sendum við til þeirra sniðmát af forgangsriðun verkefna, feril verkefnaráðs og áskorunarramma stafrænna leiðtoga.

Breyting á meðlimum verkefnaráðs

Ákvörðun sem þarf að taka: Hver eiga að sitja í verkefnaráði

Í verkefnaráði til og með 5.9.2024 sitja:

- Óskar Sandholt sviðsstjóri
- Þröstur Sigurðsson skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur
- Arna Ýr Sævarsdóttir skrifstofustjóri þjónustuhönnunar
- Ólafur Sólimann skrifstofustjóri UTR
- Ásta Þöll Gylfadóttir deildarstjóri vef og vörustýringar

Lagt er til að verkefnaráð samanstandi af eftirfarandi aðilum frá og með 3.okt 2024:

- Óskar Sandholt sviðsstjóri
- Þröstur Sigurðsson skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur
- Arna Ýr Sævarsdóttir skrifstofustjóri þjónustuhönnunar

- Ólafur Sólímánn skrifstofustjóri UTR

Rök fyrir því að taka deildarstjóra vef og vörustýringar út:

- Er nú deildarstjóri vef- og vörustýringar, og ætti því að sitja úthlutunarfundi eins og aðrir sem hugsanlega fá verkefni til sín/í sína deild/skrifstofu.
- Sat áður sem teymisstjóri stafrænna leiðtoga, var ekki með atkvæðisrétt og var stuðningur við verkefnaskráarstjóra með ritun fundarpunkta. – teljum ekki þörf á að núverandi teymisstjóri stafrænna leiðtoga sitji fundinn þar sem teymisstjóri ferla og flæðis og verkefnaskráarstjóri hafa stuðning af hvor öðrum.
- 4 aðilar í verkefnaráði, samtals 5 atkvæði þar sem sviðsstjóri hefur 2 atkvæði.

Úthlutunarfundi sitja (haldnir eftir verkefnaráðsfund):

- Deildarstjóri verkefnastofu
- Deildarstjóri umbreytinga
- Teymisstjóri stafrænna leiðtoga
- Þróunarstjóri kerfislausna og hugbúnaðarþróunar
- Aðrir ef við á

Uppl og athugasemdafundi sitja (haldnir fyrir verkefnaráðsfund):

- Upplýsingatæknihönnuður UTR
- Lögfræðingur frá ÞON
- Teymisstjóri stafrænna leiðtoga
- Skrifstofustjóri gagnþjónustu
- Skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar

Niðurstaða: Samþykkt

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur:

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 21. október 2024.